



7.

Blessuð sértu, sveitin míن,
sumar, vetur, ár og daga.
Engið, fjöllin, án þín,
— yndislega sveitin mínl —
heilla mig, og heim til sín
huga minn úr fjarlægð draga.
Blessuð sértu, sveitin mín,
sumar, vetur, ár og daga!

Aths. Þetta kvaði eftir Sigurð Jónsson á Helluvaði í Mývatnssveit er aður prentað í heild sinni í EIMR. VIII, 107—8.

Islands vísur

(fyrir 4 karlmannaraddir).

Andantino.

B. ÞORSTEINSSON.

The musical score for 'Islands vísur' is in common time and uses a treble clef. It features two systems of music. The first system starts with a forte dynamic (f) and contains lyrics in the first measure: "I. Ég vil elsk - a mitt land, ég vil auðg - a mitt land, ég vil". The second system continues with lyrics in the first measure: "efl - a þess dáð, ég vil styrkj - a þess hag; ég vil". The music consists of eighth and sixteenth note patterns.

leita' að þess þörf, ég vil létt - a þess störf, ég vil
lát - a það sjá marg - an ham-ingj - u - dag.

4.

Ég vil frelsi míns lands,
ég vil farsæld míns lands,
ég vil frægð þess og gnægð þess og auð þess og völd;
ég vil heiðursins krans
leggja að höfði hvers manns,
sem vill hefja það fram móti batnandi öld.

6.

Petta er játningin min,
kæra módir, til þín,
ég get miklast af því, að ég sonur þinn er;
það er svipurinn þinn,
er í sál mér ég finn;
hann er samgróinn öllu því bezta hjá mér.

7.

Ég kem fram á þinn fund
þessa fagnaðarstund
eins og frjálsborinn sonur, sem elskar þig heitt,
og að fótum á þér
ég sem fórn mína ber
það, sem segurst og bezt hefur lífið mér veitt.

Aths. Petta kvæði eftir Guðm. Magnússon er tileinkað þingmönnum á alþingi 1901, og er prentað í heild sinni baði í Fjallkonunni sama árið og í kvaðabók Guðmundar 1903.